

Kynningarefni

Aðalnámskrá grunnskóla

Nýr kafli

7.15 Trúar- og lífsskoðanir
í fjölmeningarsamfélagi

Endurskoðaður kafli

16. Undanþágur frá grunnskóla



Aðalnámskrá grunnskóla - Kynningarefni, kaflar 7.15 og 16
ISBN 978-9979-0-2969-4

Ritstjórn: Auður Bára Ólafsdóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2024

Miðstöð menntunar og skólajónustu
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Miðstöð menntunar og skólajónustu

Í kynningarefni þessu, um nýjan kafla 7.15 og endurskoðaðan kafla 16 í aðalnámskrá grunnskóla, hafa áherslur kaflanna verið dregnar fram. Mikilvægt er að kynna sér ítarlega efni hvers kafla á www.adalnamskra.is.

7.15 Trúar- og lífsskoðanir í fjölmenningsarsamfélagi

Nýr kafli

Kaflinn er hluti af **kafla 7, Nám og kennsla**, en þar eru dregnar fram megináherslur um nám og kennslu í 15 undirköflum. Efni kaflanna á að stuðla að því að hver nemandi nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur. Atriðin eiga að vera leiðandi í skólastarfi og vera kennurum og stjórnendum skóla leiðsögn við skipulag náms og kennslu.

Hverjum skóla er ætlað að útfæra atriði kaflans nánar í skólanámskrá og kennarar í undirbúningi og framkvæmd kennslu.

GRUNNSKÓLAR

- Í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla er mikilvægt að nemendur fræðist um ýmis trúarbrögð og lífsskoðanir í grunnskóla sem er liður í **lýðræðismenntun** og virðingu fyrir fjölmenningu
- trúarbragða- og lífsskoðanafræðsla í **fjölmenningsarsamfélagi** skal ávallt vera á forsendum grunnskólanáms fyrir alla nemendur
- fræðsla um trúarbrögð og lífsskoðanir getur t.d. falið í sér:
 - vettvangsheimsóknir til trúfélaga
 - fulltrúum trúfélaga sé boðið í kennslustund
- grunnskólar skulu haga störfum sínum þannig að nemendur þurfi ekki að fá undanþágu frá ákveðnum þáttum skólastarfs vegna trúar- og lífsskoðana sinna og því ekki gert ráð fyrir slíkri undanþáguheimild
- í skólastarfi skal ríkja skilningur og virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum

FORELDRAR

- vilji foreldrar að börn þeirra fræðist sérstaklega um tiltekin trúarbrögð er það á ábyrgð þeirra í frítíma barnsins að sækja slíka fræðslu og þjónustu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra

VEGNA KAFLA 7.15 ER VÍSAÐ TIL

- **Toledo sáttmálans um skólastarf og kennslu ólíkra trúarbragða og lífsskoðana** | Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)
- **Meginviðmið um samskipti skóla og trúfélaga** | Mennta- og menningarmálaráðherra, 2013

LÝÐRÆÐISMENNTUN

Í lýðræðismenntun er fyrst og fremst lögð áhersla á lýðræðisleg réttindi og skyldur og virka þátttöku hvað varðar borgaraleg, stjórnmálaleg, félagsleg, fjárhagsleg, lagaleg og menningarleg svið samfélagsins. **Sáttmáli Evrópuráðs um lýðræðis- og mannréttindamenntun.**

FJÖLMENNING

Fjölmennning er menning þar sem ólíkir menningarstraumar mætast, víxlast og hafa áhrif hver á annan og ólíkt fólk (til dæmis vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, siða, tungumáls, stéttar og fötlunar) býr og starfar saman.

16 Undanþágur frá aðalnámskrá

Endurskoðaður kafli

Ráðuneyti mennta- og barnamála fer með yfirstjórn með málefnum grunnskóla gagnvart sveitarfélögum.

Ráðherra fer með úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem grunnskólalög kveða á um, þar á meðal vegna ákvarðana sem tengjast undanþágum frá aðalnámskrá.

SKÓLASTJÓRAR | KENNARAR | STARFSFÓLK SKÓLA

- bera ábyrgð á að bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt í samræmi við [lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- bera ábyrgð á að leiðbeina foreldrum og/eða barni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

BÖRN

- að sækja skóla er bæði fortakslaus réttur og skylda barna á skólaskyldualdri og ábyrgð foreldra í þeim efnum er skýr.

FORELDRAR

- bera ábyrgð á að börn þeirra innritist í og sækji skóla
- gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og eiga samráð við skólann um skólagöngu þeirra
- bera ábyrgð á námi barna sinna og nær sú ábyrgð jafnframt til þess tíma sem þau eru fjarverandi frá skóla
- eiga að stuðla að því að börn þeirra stundi nám sitt og virði skólaskyldu til daglegrar skólasóknar án undantekninga nema eðlileg forföll eins og veikindi hamli
- eiga að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara
- skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur

SVEITARFÉLÖG og rekstur grunnskóla

- með [grunnskólalögum](#) er ábyrgð hvers sveitarfélags ljós þegar kemur að menntun allra barna
- sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi grunnskóla hvort sem grunnskóli er rekinn af sveitarfélagi, gerður sé samningur við einkaaðila eða grunnskóli sé rekinn með öðrum hætti

SVEITARFÉLÖG og skólaskylda

- skólaskylda hefst að jafnaði á því almanaksári sem barn verður sex ára
- skólaskylda er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt grunnskólalögum, þ.e. með námi í alþjóðaskóla, þróunarskóla eða heimakennslu, sjá kafla 16.2
- huga þarf sérstaklega að velferð, öryggi, aðbúnaði og réttindum barna þegar um er að ræða aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu en í grunnskóla á vegum sveitarfélags
- sveitarfélögum er skylt að sjá öllum skólaskyldum börnum með lögheimili í sveitarfélaginu og barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, skólavistar
- sveitarstjórn skal kveða á um skólaskyldu barna sem búa í sveitarfélaginu en lögheimili liggur ekki fyrir og leitað hefur verið eftir innritun þess í skóla
- sveitarfélög og Vinnumálastofnun skulu tryggja menntun barna sem sækja um alþjóðlega vernd

16.1 Undanþágur og frávik frá skólaskyldunámi

Meginreglur um skólaskyldu grunnskólabarna og undanþágur frá skólaskyldu

- skólaskylda barns í grunnskóla hefst að jafnaði á því almanaksári sem það verður sex ára
- skólaskylda barna er tíu ár og er börnum á skólaskyldualdri skylt að sækja grunnskóla og stunda fullt nám
- öll börn eiga rétt á menntun og ber að tryggja þeim jöfn tækifæri til menntunar
- ríkar ástæður þurfa að vera fyrir hendi til að veita undanþágu frá skólaskyldu og eru undanþágur skýrðar mjög þröngt
- skólasamfélaginu í heild ber að vinna markvisst að því að börn njóti farsællar menntunar

GRUNNSKÓLALÖG

- í grunnskólalögum, 15. gr., eru ákvæði sem heimila undanþágur frá skólaskyldu og fyrirmælum aðalnámskrár
- grunnskólalög, 15. gr., heimila sveitarfélögum að uppfylla skólaskyldu í sjálfstætt reknum grunnskólum, með námi í alþjóðaskóla, þróunarskóla eða með heimakennslu
- með grunnskólalögum er ábyrgð hvers sveitarfélags ljós þegar kemur að menntun allra barna

NEMENDUR

- þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum

FORELDRAR

- geta átt frumkvæði að umsókn um tímabundna undanþágu frá skólasókn fyrir barn sitt, í samráði við skólann
 - í einstökum námsgreinum
 - eða að öllu leyti
- geta átt frumkvæði að undanþágu um skólasókn fyrir barn sitt þ.e. að flýta eða seinka skólabyrjun um eitt ár

SKÓLASTJÓRI

- getur veitt undanþágur og samþykkt frávik frá skólaskyldu.
- fimm mismunandi ástæður fyrir undanþágum og frávikum frá skólaskyldu eru
 - undanþága frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein
 - viðurkenning á námi utan grunnskóla
 - sjúkrakennsla
 - undanþágur frá skólasókn
 - óútskýrðar fjarvistir og skólaforðun
- getur með samkomulagi við foreldra heimilað undanþágu frá skólaskyldu með því að flýta eða seinka skólabyrjun nemanda um eitt ár en sú ákvörðun byggist á mati skólalýðnustu með hag barns að leiðarljósi

16.1.1 Undanþágur frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein

BÖRN

Með vísan til réttis barna til menntunar er gert ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo undanþága frá skyldunámi sé veitt.

SKÓLASTJÓRI

- skólastjóra er samkvæmt grunnskólalögum heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því
- skólastjóra er veitt svigrúm til mats á því hvað teljast gildar ástæður fyrir því að veita undanþágu frá skyldunámi
- beiðnir um undanþágu skulu berast skriflega til skóla
- veiting undanþága frá skyldunámi er **stjórnvaldsákvörðun** og skal því ávallt gætt að málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga við töku slíkra ákvarðana

Gild rök fyrir undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein eða námsgreinum geta verið:

- ef nemandi er með miklar stuðningsþarfir og/eða tímabundnar persónulegar áskoranir
- ef nemandi er með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn
- ef nemandi hefur sýnt afburðaárangur á ákveðnu sviði

Viðmið um verklag vegna beiðni um undanþágu frá skyldunámi

1. Skrifleg, rökstudd umsókn foreldra og nemenda og mat sérfræðings ef við á.
2. Skólastjóri aflar upplýsinga frá umsjónarkennara og skólajónustu eftir því sem talin er þörf.
3. Skólastjóri svarar erindi skriflega.

STJÓRNVALDSÁKVÖRDUN

Ákvörðun sem tekin er af þar til bæru stjórnvaldi í málum sem varða borgarana t.d. veiting eða synjun leyfa.

16.1.2 Viðurkenning á námi utan grunnskóla

SKÓLASTJÓRI

Skólastjóra er heimilt að viðurkenna nám, stundað utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki.

Dæmi um viðurkenningu á námi utan grunnskóla

- viðurkenning á hæfni nemenda í öðru móðurmáli en íslensku í samræmi við stefnu stjórnvalda um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- hæfni íslenskra nemenda í öðrum erlendum málum en ensku og Norðurlandamáli
- nám við tónlistarskóla, aðra listaskóla eða málaskóla

Heimilt er að meta, sem hluta af vali og valgreinum á unglingastigi, þátttöku nemenda t.d. í:

- félagslífi
- íþróttum
- skipulögðu sjálfboðastarfi
- námi utan grunnskóla í eigin móðurmáli

Mat á atvinnuþátttöku

- meta má þátttöku nemenda í atvinnulífi að frumkvæði skólans í tengslum við tiltekið námsúrræði
- ferli fyrir samstarf skóla og atvinnulífs þarf að vera formgert af hálfu sveitarfélaga
- skýrt þarf að vera í hvaða tilgangi ferli um mat á atvinnuþátttöku er notað
- ekki er heimilt að meta hefðbundna atvinnuþátttöku

Annað nám utan grunnskóla

- heimilt er að meta nám utan grunnskóla og skrá á vitnisburðarblað nemenda sem valgrein þó svo að nemandinn fái enga undanþágu frá skyldunámi

16.1.3 Sjúkrakennsla

Markmið sjúkrakennslu er að nemandi missi sem minnst af kennslu og verði ekki af tækifærum til náms vegna slyss eða langvarandi veikinda.

SVEITARFÉLAG

- sveitarfélag viðkomandi nemanda ber ábyrgð á sjúkrakennslu
- sjúkrakennsla getur að hluta til farið fram sem **fjarkennsla** eða **dreifnám** undir leiðsögn kennara og með eftirfylgni foreldra eða starfsfólks sjúkrastofnana að höfðu samráði við grunnskóla viðkomandi nemanda

SJÚKRAKENNSLA

- allir nemendur eiga rétt á kennslu við hæfi án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis
- nemandi sem að mati læknis getur lagt stund á nám en ekki sótt skóla, vegna slyss eða langvarandi veikinda, á rétt á sjúkrakennslu á heimili sínu eða á sjúkrastofnun
- lengd daglegrar eða vikulegrar sjúkrakennslu skal miðast við ástand og þrek nemandans
- ákvæði um sjúkrakennslu tekur ekki til tilfallandi veikinda nemanda og má í því sambandi almennt lita til veikinda sem standa skemur en viku
- nýta skal fjölbreyttar aðferðir við skipulag og útfærslu sjúkrakennslu að höfðu samráði við nemandann eftir því sem kostur er
- ekki er gert ráð fyrir að sjúkrakennsla komi í stað staðbundins náms að umfangi
- nemandi skal eiga þess kost að tengjast skólanum og umsjónarhópi sem best eftir því sem aðstæður og ástand hans leyfir

SKÓLASTJÓRI

- ákveður í samráði við lækni og foreldra, umfang og nánara fyrirkomulag sjúkrakennslu
- stendur undir þeirri ábyrgð sveitarfélaga að viðeigandi sjúkrakennsla sé veitt
- ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár til lengri eða skemmri tíma fyrir viðkomandi nemanda, þar sem tekið er mið af aðstæðum, veikindum og þörfum nemandans
- ber ábyrgð á að nemandi fái tækifæri til að tjá sig, með hliðsjón af aldri og þroska, áður en fyrirkomulag og skipan sjúkrakennslu er ákveðið

FJARKENNSLA

Kennsla sem fer fram á netinu eftir ákveðnu skipulagi eða kennsluáætlun. Stundum er gert ráð fyrir rauntímapáttöku, t.d. á netinu.

DREIFNÁM

Nám sem fer að mestu fram eins og fjarnám á netinu en með staðbundnum lotum nokkrum sinnum á önn. Oft notað í verklegum greinum.

16.1.4 Undanþágur frá skólasókn

Langvarandi fjarvistir barna frá skóla, vegna tímabundinna undanþága að ósk foreldra, eiga ekki að hafa áhrif á skólastarfið í heild sinni eða á nám annarra nemenda.

FORELDRAR

- geta sótt um tímabundna undanþágu frá skólasókn barns síns í:
 - einstökum námsgreinum og námssviðum eða
 - að öllu leyti
- bera ábyrgð á í öllum tilvikum, fái þeir umbeðna undanþágu, að nemandi vinni það sem hann kann að hafa misst úr námi samkvæmt upplýsingum frá skóla

SKÓLASTJÓRI

- ber ábyrgð á að meta aðstæður í hverju undanþágumáli og hvort ástæða sé þess eðlis að eðlilegt þyki að veita undanþágu
- aflar nægra upplýsinga um stöðu barns, til dæmis með samráði við umsjónarkennara

Gildar ástæður þurfa að vera fyrir hendi sæki barn ekki skóla.

1. alvarleg veikindi, dauðsföll eða önnur áföll í nærumhverfi barns
2. ferðalög á vegum skóla eða í samstarfi við skóla, innan- eða utanlands
3. þátttaka í afreksverkefnum á sviði íþróttar, lista eða starfi ungmennaráða

Undanþágum frá skólasókn skal ávallt markaður tími sem ekki varir lengur en nauðsyn ber til.

Sveigjanleiki vegna samvinnu skóla og annars skipulagðs starfs á skólatíma

- gæta þarf að því að nemandi fari ekki úr sömu kennslustunda á sama tíma í hverri viku
- hafa þarf að leiðarljósi að það sem er barni fyrir bestu hafi ávallt forgang og réttur þess til menntunar skerðist ekki
- kanna þarf vilja barnsins og hafa það með í ráðum í ferlinu þegar fyrirkomulag er valið
- ef undanþága er veitt vegna annars náms á skólatíma skal liggja fyrir skriflegt samþykki foreldra, barns og skóla
- í samþykkinu komi fram hvernig foreldrar rækja ábyrgð á því að barn geti unnið upp það nám sem tapast

16.1.5 Óskýrðar fjarvistir og skólaforðun

GRUNNSKÓLI

- grunnskóla ber að grípa til aðgerða ef fjarvistir nemanda koma niður á námi og farsæld hans
- miða skal við að skóli bregðist við ef heildarfjarvistir nemanda eru umfram tíunda hluta skólaárs
- ef slíkur misbrestur verður á skólasókn barns að telja megi til vanrækslu skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda
- ef vart verður við vanrækslu foreldra á ábyrgð á námi barns á meðan barn er á undanþágu frá skólasókn skal það tilkynnast til barnaverndaryfirvalda

SVEITARFÉLAG

- sveitarfélög skulu setja sér viðmið um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn nemenda
- við gerð reglna um viðmið vegna formlegra viðbragða við minnkandi skólasókn þarf að horfa til allra fjarvista, veikinda, leyfa og óheimilla fjarvista
- viðmið um formleg viðbrögð skulu kveða á um aðgerðir sem fara stigþyngjandi samhliða minnkandi skólasókn uns fjarvistir frá skóla ná því alvarleikastigi að vera tilkynningarskyldar til barnaverndaryfirvalda
- viðmið um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn skal birta opinberlega og í skóla námskrá og skólareglum allra skóla sveitarfélagsins

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

- **tengilið** eða **málstjóra** gæti verið þörf á að virkja vegna dræmrar skólasóknar nemanda
- starfsfólk skóla veitir foreldrum leiðbeiningar um samþættingu þjónustu t.d. með því að koma þeim í samband við tengilið skólans

Stigþyngjandi aðgerðir

- skóli, í samstarfi við foreldra og nemanda, vinnur með aðstæður nemanda til að leita lausna áður en til þess kemur að tilkynna tilvik til barnaverndaryfirvalda
- hvert tilvik þarf að meta sérstaklega út frá heildaraðstæðum barns
- hafa verður í huga við mat á hverju tilviki öll þau atriði sem tilkynningarskyld eru samkvæmt barnaverndarlögum

BARN

- getur óskað eftir því að fá tilnefndan tengilið innan skólans
- tengiliður vinnur að málum nemenda í samræmi við **lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna**

FARSÆLD

Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.

TENGILIÐUR

Börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið eftir því sem þörf krefur.

MÁLSTJÓRI

Málstjóri veitir m.a. ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu og aðstoð við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.

Skólaforðun – Ástæður

Ástæður skólaforðunar geta verið margvíslegar

- Skoða þarf hvert tilvik út frá:
 - aðstæðum barns og fjölskyldu þess
 - félagslegu samhengi
 - námsumhverfi s.s. líðan í skóla, félagsfærni og námsgetu
 - öðrum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfi barns og fjölskyldu

Skólaforðun – Einkenni

FORELDRAR og STARFSFÓLK SKÓLA þurfa að

- vera vakandi fyrir einkennum skólaforðunar
- taka ábendingum og vísbendingum um einkenni skólaforðunar alvarlega, sem geta t.d. verið:
 - óútskýrðar fjarvistir
 - seinkomur í skóla
 - fjarvistir á ákveðnum dögum
 - nemandi vilji ekki sækja skóla án sýnilegra merkja um veikindi
 - svefntruflanir
 - vilja fara heim úr skóla á miðjum degi

Hér er ekki um tæmandi lista að ræða enda getur skólaforðun birst í mörgum myndum og átt sér margvíslegar ástæður.

GRUNNSKÓLAR, í þágu farsældar barna

- setji sér markmið um að greina skólaforðun áður en vandinn verður langvarandi og bitnar á náms-, uppeldis- og þroskaskilyrðum barna og farsæld þeirra til framtíðar
- skulu leggja sérstaka áherslu á forvarnir og stuðning vegna skólaforðunar nemenda, ekki síst ef vísbendingar eru til staðar
- leggi einstaklingsbundið mat á þarfir hvers barns fyrir sig sem glímir við skólaforðun, eftir atvikum með aðkomu tengiliðs
 - skólaþjónustu
 - félagsþjónustu
 - heilbrigðisþjónustu
- skóla ber að grípa til viðeigandi aðferða til að aðstoða nemanda og fjölskyldu hans á meðan unnið er að því að virkja nemandi í námi og starfi
- úrræðin geta aldrei orðið meginregla nemanda í skólaforðun
- úrræðin skulu hugsuð til skamms tíma með það að markmiði að nemandi geti sótt skóla á ný

Snemmtækur stuðningur og markviss samvinna heimilis og skóla eru lykilatriði

- til þess að koma í veg fyrir skólaforðun
- til þess að ná barni sem glímir við skólaforðun sem fyrst aftur í skólalífið

SKÓLAFORÐUN

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða ungmenni sýnir af sér sem birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skólalag, hluta úr skólalagdeggi eða í ákveðnar námsgreinar, í lengri eða skemmri tíma.

16.2 Aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu

Með **grunnskólalögum** er kveðið á um með hvaða hætti unnt er að fullnægja skólaskyldu í grunnskólum. Meginreglan er sú að börn gangi í almennan grunnskóla, sem er þá annaðhvort rekinn af sveitarfélagi eða öðrum rekstraraðilum, sbr. 43. gr. laga um grunnskóla. Grunnskólalög heimila sveitarfélögum að uppfylla skólaskyldu í sjálfstætt reknum grunnskólum, með námi í alþjóðaskóla, þróunarskóla, heimakennslu eða fjar- eða dreifnámi.

Grunnskóli er staður þar sem börn fá lögbundna menntun og einnig hefur hann mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar öryggi og velferð barna ásamt því að stuðla að alhliða þroska þeirra og farsæld til framtíðar. Starfsfólk skóla ber skyldur gagnvart börnum samkvæmt grunnskólalögum, barnaverndarlögum og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem ekki falla úr gildi þótt barn njóti t.d. heimakennslu.

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi grunnskóla. Á það við hvort sem sveitarfélög reka grunnskóla á eigin vegum, gera samninga við einkaaðila um rekstur skóla eða með öðrum hætti.

Í samræmi við skólaskyldu barna á Íslandi er meginreglan sú að nemendur skulu sækja staðnám en grundvallarforsenda þess að börn njóti ýmissa réttinda sem lög tryggja þeim er að þau sækji nám í hvetjandi námsumhverfi.

16.2.1 Þróunarskólar

Samkvæmt gildandi lögum getur ráðherra veitt sveitarfélögum eða öðrum rekstrar- aðilum tímabundna heimild til að starfrækja þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs.

Í slíkum tilvikum er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá aðalnámskrá grunnskóla. Almennt er ekki veitt heimild til meira en þriggja ára með ákvæði um mat á tilraunaverkefnum að þeim tíma liðnum.

Undanþága frá aðalnámskrá grunnskóla getur t.d. varðað:

- nám
- kennslutilhögun
- frávik frá viðmiðunarstundaskrá
- starfstíma skóla
- stundafjöldi
- frákvik frá aðalnámskrá

Hægt er að reka þróunarskóla sem:

- almennan grunnskóla á vegum sveitarfélags
- deild innan grunnskóla
- sjálfstætt rekinn skóla að fenginni heimild ráðuneytisins og með fjárframlögum frá sveitarfélagi

Hægt er að veita skólum stöðu þróunarskóla vegna þróunar- og tilraunastarfs innan grunnskóla þó að starfsemi rúmist að öllu leyti innan laga og aðalnámskrár.

Þróunar og tilraunastarfi skal setja tímamörk og skal ráðneytið ávallt leggja mat á slíkar tilraunir þegar þeim lýkur.

16.2.2 Alþjóðaskólar

Samkvæmt grunnskólalögum er ráðherra heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og veita undanþágur frá viðeigandi ákvæðum laga og aðalnámskrár grunnskóla.

Sveitarfélög og einkaaðilar geta óskað eftir því að fá heimild til að reka alþjóðaskóla eða alþjóðadeild við grunnskóla.

Ferli umsóknar um stofnun alþjóðaskóla eða alþjóðadeildar:

- ósk um stofnun alþjóðaskóla eða alþjóðadeildar send til ráðuneytis
- ráðherra getur veitt leyfir til rekstursins til að hámarki þriggja ára
- að þremur árum liðnum er skólastarf metið þ.e. áður en skólinn fær stöðu alþjóðaskóla samkvæmt grunnskólalögum
- gengið er frá formlegri viðurkenningu að því gefnu að öll skilyrði teljist uppfyllt að mati ráðuneytis

Hverjum skóla er ætlað að útfæra atriði kaflans nánar í skólanámskrá og kennarar í undirbúningi og framkvæmd kennslu.

Alþjóðaskólar eru einkum hugsaðir fyrir:

- nemendur af erlendum uppruna sem dvelja tímabundið á Íslandi
- í einhverjum tilvikum íslenska nemendur sem óska skólavistar

Íslenskukennsla í alþjóðaskólum á Íslandi

- krafa er gerð um að íslenskir nemendur stundi nám í íslensku í alþjóðaskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla
- gert ráð fyrir að allir nemendur alþjóðaskóla af erlendum uppruna fái tækifæri til að læra íslensku sem annað mál

16.2.3 Heimakennsla

Sveitarstjórn getur veitt foreldrum barns undanþágu til þess að annast sjálft menntun þess samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett eru í [reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi](#).

Foreldrar sem óska eftir undanþágu til að geta kennt börnum sínum heima skulu sækja um undanþáguna til þess sveitarfélags þar sem þau eiga lögheimili.

Börn sem njóta heimakennslu

- eru undanþegin skólasókn í grunnskóla á meðan heimakennsla varir
- skulu tengjast tilteknum skóla í sveitarfélaginu og lúta reglulegu mati og eftirliti
- skulu eiga aðgang að skólaþjónustu og annarri stoðþjónustu sveitarfélagsins
- skulu eiga þess kost að taka þátt í félags- og tómstundastarfi og skólaferðalögum á vegum skólans
- eiga sjálf að geta óskað eftir þátttöku í almennu skólastarfi eftir því sem við verður komið, þótt þau séu í heimakennslu

16.2.4 Fjar- og dreifnám

Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi **fjar- og dreifnáms** í skólanámskrá.

Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi í grunnskóla er:

- að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu m.a. nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla, s.s. nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna og valnám af ýmsum toga en einnig nám nemenda sem búa yfir hæfni til að taka staka áfanga í framhaldsskóla í fjar- og dreifnámi samhliða námi í grunnskóla
- að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla þar sem nemendum standi til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla

Kostnaður við fjar- og dreifnám

- nám sem metið er sem hluti af skyldunámi, þ.m.t. sem valgrein skal það vera nemanda að kostnaðarlausu
- framhaldsskólaáfangi sem nemandi fær metinn til eininga í framhaldsskóla ber nemandi kostnað af sjálfur þ.e. innritunar- og skráningargjald og námsgögn

UMSJÓNARKENNARI

Skyldur umsjónarkennara gagnvart nemenda í fjar- og dreifnám þurfa að liggja fyrir áður en nám hefst.

FJARNÁM

Nám sem fer fram á netinu eftir ákveðnu skipulagi eða kennsluáætlun. Stundum er gert ráð fyrir rauntímapáttöku, t.d. á netinu.

DREIFNÁM

Nám sem fer að mestu fram eins og fjarnám á netinu en með staðbundnum lotum nokkrum sinnum á önn. Oft notað í verklegum greinum.



40352